

ÁRSSKÝRSLA 2015



ORKUBÚ VESTFJARÐA
38. STARFSÁR



Dýrafjörður

ÁRSSKÝRSLA 2015



ORKUBÚ VESTFJARÐA ehf.

38. STARFSÁR

EFNISYFIRLIT

Stjórn og stjórnskipulag	3
Formáli	4
Ávarp stjórnarformanns	6
Helstu framkvæmdir orkusviðs	8
Helstu framkvæmdir veitusviðs	9
Bygging Fossárvirkjunar	10
Íbúafjöldi á orkuveitusvæði OV	12
Ársreikningur	13-36
Raforkukerfi Vestfjarða	38
Rekstrartruflanir	39
Vatnsaflsvirkjanir	40
Kyndistöðvar	41
Díselstöðvar	42
Lykiltölur úr dreifikerfi	42
Orkuöflun	43
Orkudreifing	44

Forsíðumynd: Starfsmaður í staur. Ljós. Birgir Örn Birgisson.

Aðrar ljósmyndir teknar af starfsmönnum Orkubús Vestfjarða.

Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.

Hönnun og umbrot: Athafnagleði ehf (Bæjarins besta)




Vinna við bilun á Reykjaneslínu

Formaður: Viðar Helgason
Varaformaður: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir
Ritari: Viktoría Rán Ólafsdóttir
Árni Brynjólfsson
Daníel Jakobsson

Varamaður: Ragnheiður Hákonardóttir

Skipurit Orkubús Vestfjarða ohf.



FORMÁLI



Lagning jarðstrengja í stað loftlína hefur orðið æ stærri hluti af fjárfestingum OV ár frá ári. Alltaf þegar endurnýja þarf loftlínur í dreifikerfinu eru nú lagðir strengir í stað línu. Á síðasta ári tók OV þátt í verkefni með Mílu þar sem lagður var háspennustrengur um leið og ljósleiðari milli Borðeyrar og Hólmavíkur. Á síðustu 5 árum hafa verið lagðir tæpir 300 km af háspennustrengjum í stað loftlína og þar af tæpir 140 km árið 2015.

Nokkrar óveðurslægðir fóru yfir Vestfirði á síðasta ári og sú versta í byrjun desember. Þetta óveður grandaði tæplega 200 staurum í loftlínakerfi OV og rúmlega 20 tvístæðum í flutningskerfi Landsnets á Vestfjörðum. Fyrr á árum hefðu þessir atburðir valdið fleiri sólahringa rafmagnsleysi í þéttbýli og dreifbýli en með varafsstöð Landsnets í Bolungarvík, strenglögnum OV á liðnum árum og auknum viðbúnaði með varaafslvélum varð straumleysi hjá notendum í lágmarki þrátt fyrir mestu línubrot í sögu OV. Þó urðu fáeinir notendur í dreifbýli rafmagnslausir í nokkra sólahringa.

Árið 2015 varð hagnaður af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða ellefta árið í röð. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var góð eða um 93 GWh og jókst um rúm 10% frá fyrra ári. Afkoma OV er ekki viðunandi hvort sem horft er til fjárfestingarþarfar fyrirtækisins eða ávöxtunar eigin fjár þess þrátt fyrir nokkurn hagnað. Afkoman er nokkuð lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir og skýrist af kostnaðarauka OV vegna launahækkana og óveðurstjóna á háspennulínunum.

Á árinu 2015 var 1.094 millj. kr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 5,2 millj. kr. Af helstu framkvæmdum má nefna að lagður var um 100 km langur háspennustrengur milli Borðeyrar og Hólmavíkur. Strengurinn var lagður samhliða lagningu ljósleiðara og er þetta sennilega lengsti kafli sem veitufyrirtæki hefur boðið út í einni framkvæmd á Íslandi. Lokið var við endurnýjun Fossárvirkjunar, að undanskildum lóðafrágangi, og virkjunin tekin í rekstur. Um aðrar helstu framkvæmdir ársins má lesa á síðu 8 í þessari skýrslu. Vegna mikilla fjárfestinga síðustu ára hefur OV þurft að taka lán og skuldar nú um 1.000 millj. kr.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins jókst um 2,6% frá fyrra ári og nam alls 262,6 GWh. Eigin orkuvinnsla minnkaði um 1,5% á milli ára og var 112,2 GWh eða 42,7% af heildarorkuöfluninni, og orkukaup af öðrum orkuframleiðendum voru 150,5 GWh eða 57,3% af heildarorkuöfluninni. Minni skerðing og þar af leiðandi minni vinnsla í svartolíuköttlum hitaveitnanna skýrir minnkun á eigin vinnslu OV.

Orkudreifing á veitusvæði Orkubús Vestfjarða jókst um 4,1% frá fyrra ári og nam alls 237 GWh. Til hitunar fóru um 164 GWh sem eru um 69% af heildarorkudreifingu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, var lagður 24% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 11% virðisaukaskattur. Til viðbótar var lagður sérstakur skattur á raforku sem nam 12,9 aurum á hverja kílóvattstund og sérstakur skattur á hitaveitur sem nam 2% af heildarupphæð reiknings.

Verðskrár Orkubús Vestfjarða fyrir dreifingu raforku voru hækkadar 1. janúar 2015, um 10% í dreifbýli og 4% í þéttbýli. Ríkið jók niðurgreiðslur til jöfnunar á húshitunarkostnaði og til jöfnunar á milli dreifbýlis og þéttbýlis 1. apríl. Verðskrá raforkusölu var hækkuð um 4,4% 1. júlí og verðskrá fyrir hitaveitur um rúm 5% 1. september.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2015 varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 156,9 millj. kr., en þegar tekið er tillit til tekjuskatts er hagnaður ársins um 126,1 millj. kr. Afskriftir námu alls 284,2 millj. kr. Eignir Orkubús Vestfjarða í árslok 2015 voru alls 7.770 millj. kr. og heildarskuldir alls 2.033 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.737 millj. kr. sem er um 74% af heildarfjármagni.

Orkubúið heldur úti öflugri upplýsingagjöf til viðskiptavina sinna með hjálp netmiðlana "Facebook" og "Twitter" ásamt því að birta fréttir og tilkynningar á heimasíðu sinni www.ov.is. Á heimasíðunni geta viðskiptavinir Orkubúsins einnig fengið upplýsingar um eigin viðskipti á "Mínum síðum".

Í fyrri formálum orkubússtjóra að ársskýrslunni hefur komið fram að helsta auðlind hvers fyrirtækis sé starfsfólk þess. Þessarar auðlindar verður að gæta og með öllum ráðum hlúa að henni. Hjá Orkubúi Vestfjarða er markvisst unnið að öflugri vinnuverndarstarfi þar sem öryggi starfsmanna er sett í öndvegi. Starfsmennirnir mæta heilir til starfa í upphafi hvers vinnudags og stjórnendur og starfsmenn OV leggja allt í sölurnar til að þeir, að loknum vinnudegi, komi aftur heilir heim í faðm fjölskyldu sinnar. Árið 2015 voru engar skráðar fjarvistir starfsmanna OV vegna vinnuslysa.

Öllu starfsfólki Orkubús Vestfjarða eru þökkuð þeirra góðu störf.

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Árið 2015 var metár í fjárfestingum Orkubús Vestfjarða. Alls námu fjárfestingar félagsins tæpum 1,1 milljarði króna á árinu. Afkoman var nokkuð lakari en áætlað var eða um 126 millj.kr. hagnaður, en veðratjón undir lok árs skýrðu stóran hluta þess sem á vantaði. Auk þess urðu launahækkanir meiri en áætlað var. Kostnaður við starfsemi þarf að vera í samhengi við tekjur og verðlagning þarf að skila ásættanlegri arðsemi á þá fjármuni sem bundnir eru í rekstri félagsins.

Stjórn Orkubús Vestfjarða ákvað á síðasta ári, að samhliða því að Fjarskiptasjóður bauð út lagningu ljósleiðara til Vestfjarða til að mæta þörfum nútímasamfélags, að leggja samhliða háspennustreng úr Hrútafirði til Hólmanvíkur. Þessi ákvörðun flýtti um nokkur ár endurnýjun á þessari leið. Með þessu náði Orkubúið nokkurri samlegð af verkefninu með Mílu sem er eigandi ljósleiðarastrengsins. Framhald verður á þessu verkefni á árinu 2016 þegar strengur verður lagður í Ísafjarðardjúpi. Ný virkjun, Fossárvirkjun var tekin í notkun síðla árs. Leysir hún af hólmi Fossavatnsvirkjun sem byggð var árið 1937 af Ísafjarðarkaupstað. Með þessu líður að lokum á rekstri Fossavatnsvirkjunar og þá þarf að taka ákvörðun um ráðstöfun á því mannvirki.

Fyrir nokkrum árum tók stjórn þá ákvörðun að falla frá þeirri stefnu að fjárfesta ekki umfram það sem fjármunamyndun rekstrarins skilaði hverju sinni og væri til í sjóðum fyrirtækisins. Sú ákvörðun að taka lán vegna framkvæmda hefur gert fyrirtækinu kleift að nálgast verkefni á annan hátt en fyrr og hefur það leitt til þess að farið hefur verið hraðar í verkefni sem annars hefðu þurft að bíða síns tíma í samræmi við hvað væri brýnast. Þannig hefur Orkubúið unnið að þrífösum víða á Vestfjörðum, strenglagningu til að styrkja raforkudreifingu og endurnýjun virkjana félagsins. En geta fyrirtækisins til fjárfestingar þarf að skila því í framtíðartekjum.

Talsvert hefur verið fjallað um raforkumál og virkjanakosti á Vestfjörðum síðastliðið ár. Sveitarstjórnir hafa sýnt þessum málum aukin áhuga og er það vel. Það er sameiginlegt viðfangsefni sveitarfélaga og Orkubúsins að uppbygging raforkukerfis á Vestfjörðum sé með bestum og hagkvæmustum hætti. Mikilvægt er að sveitarfélög vinni með Orkubúinu á þeirri vegferð.

Verið er að vinna að rannsóknum og undirbúningi tveggja virkjanakosta í Djúpi auk Hvalárvirkjunar. Orkubú Vestfjarða fagnar því ef þessar virkjanir verða að veruleika. Uppsetning á tengipunkti á Nauteyri myndi án efa leiða til þess að líkur á virkjunum í Hvalá og Austurgilsvirkjun aukist. Orkubú Vestfjarða þarf að auka raforkuframléiðslu sína. Auka þarf áherslu innan fyrirtækisins á þennan þátt starfseminnar á næstunni. Orkubú Vestfjarða á ekki aðild að undirbúningi þessara virkjanakosta. Hins vegar á Orkubúið að hluta til vatnsréttindi að Skúfnavatnavirkjun og hefur átt frá stofnun árið 1978. Fróðlegt verður að sjá hvaða niðurstöðum rannsóknir á Skúfnavatnavirkjun skila varðandi þann virkjanakost.

Stjórn Orkubús Vestfjarða fagnar þeim ákvörðunum sem Alþingi hefur tekið varðandi niðurgreiðslu á raforku til húshitunar og til jöfnunar á kostnaði við dreifingu rafmagns í dreifbýli. Þetta eru aðgerðir í byggðamálum, sem sannarlega skila sér. Það er skortur á raforku á markaði og við það munu verð hækka. Ótrygg umframorka sem Landsvirkjun hefur boðið til kaups minnkar. Því er nauðsynlegt að auka raforkuframléiðslu á landsvísu.

Um árabíl hefur Orkubúið verið gagnrýnt ósanngjarnt fyrir hátt raforkuverð. Raforkuverðið er tvíþætt. Annars vegar er það verð fyrir dreifingu raforku, þar sem er tekin stjórnsýsluleg ákvörðun um hvaða hámarksverð sé á dreifingu hjá einstökum dreifiveitum. Orkubú Vestfjarða hefur við verðlagningu á dreifingu ekki nýtt það hámarksverð sem því er heimilt. Varðandi almenna raforkunotkun er samkeppnismarkaður, þannig að kaupendur orku geta átt viðskipti við hvaða

sölufyrirtæki sem þau kjósa. Á þessum markaði hefur Orkubúið boðið lágsta verðið þrátt fyrir að vera með smærri fyrirtækjum. Verðmunur milli orkufyrirtækja er ekki mikill þannig að fyrir heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum er ávinningurinn óverulegur. En þau njóta hans samt.

Velji einhver að kaupa raforku annars staðar er ekkert sem kemur í veg fyrir það. En með því þá eru þau oft á tíðum að greiða hærra verð en fæst hjá Orkubúinu. Fáir einhver hagstæðari verð annars staðar er það ávinningur þess aðila. Á hinn bóginn felst í því tap fyrir vestfirskt samfélag. Hvað leggja önnur orkufyrirtæki til Vestfjarða? Greiða þau laun til íbúa Vestfjarða, sem skila sveitarfélögum útsvarstekjum? Greiða þau fasteignagjöld til vestfirska sveitarfélaga? Leggja þau fram styrki til verkefna á Vestfjörðum? Orkubú Vestfjarða skiptir miklu máli í samfélaginu. Undangengin ár hefur Orkubúið lagt uppbyggingu íþróttar-, félags- og æskulýðsstarfi til styrki, sem og uppbyggingu á mikilvægu starfi björgunarsveita svo dæmi séu tekin.

Þannig skilar Orkubú Vestfjarða samfélaginu til baka hluta af þeim tekjum sem verða af starfi þess hverju sinni. Það er mikilvægt að fólk átti sig á þessu samhengi og taki það með í reikninginn þegar fjallað er um Orkubúið – og þegar fólk ákveður hvert það beinir raforkuviðskiptum sínum. Því byggðastefna getur líka verið í heimabyggð.

Orkubúið er fyrirtæki sem hefur á að skipa úrvals starfsfólki. Þar fer fremstur í flokki Kristján Haraldsson, orkubússtóri, sem gegnt hefur því starfi í yfir 38 ár. Uppbygging Orkubúsins og raforkukerfis Vestfjarða er að stórum hluta afrakstur af góðu starfi hans, í fararbroddi annarra starfsmanna. Árið 2015 er hans síðasta heila starfsár í brúnni. Hann mun eins og kunnugt er láta af störfum á næstunni. Á hann miklar þakkar fyrir sitt framlag til fyrirtækisins.

Stjórn félagsins þakka ég gott samstarf undanfarið ár sem endranær. Jafnframt færi ég öllum starfsmönnum Orkubúsins þakkar stjórnar fyrir störf sín og framlag til fyrirtækisins á undangengnu ári.

Viðar Helgason,
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða

HELSTU FRAMKVÆMDIR ORKUSVIÐS

2015

Stöðvarhús Fossárvirkjunar var klárað og var settur upp brúarkrani með 6,3 tonna lyftigetu. Voru 800 metrar af gömlu pípunni endurnýjaðir og þar með verður nýi hluti pípunnar orðinn tæplega 1,7 km langur. Um haustið var 1,2 MW vél ásamt stjórnbúnaði sett upp og virkjunin tekin í rekstur.

Tilraun var gerð til að tæma Fossavatnið, en innrennslið var of mikið síðla sumars. Stífluveggir voru lagaðir að hluta, en aðrar endurbætur bíða til næsta árs.

Undirbúningsframkvæmdir voru unnar við stöðvarhús Mjólkárvekkunar vegna uppsetningar á nýrri 3 MW vél sem kemur í stað 2,4 MW vél frá 1958. Unnið var að tillögugerð að nýrri aðveitustöð OV og Landsnets í Mjólká vegna aðkallandi breytinga þar.

Settir voru upp vindmælar á Ennishálsi og rennismælingum í Hafnardalsá var viðhaldið. Sjávarhitamælingar voru settar upp í Öfundarfirði til að kanna hagkvæmni notkunar á varmadælum sem valkostur í orkuöflun kyndistöðvarinnar á Flateyri. Borun á grunnnum hitastigulsholum hófst á jarðhitasvæðinu á Laugum.

2016

Lóðarframkvæmdir verða við stöðvarhús Fossárvirkjunar og uppsetning á pípubrotsloka ásamt öðrum endurbótum á inntaksmannvirkjum í Fossavatni.

Unnið verður að uppsetningu á nýrri vél fyrir Mjólkár I ásamt breytingu á stöðvarhúsinu. Boðinn verður út nýr vélaspenntur 15 MVA sem verður tekinn í rekstur 2017. Eldri 10 MVA spennir frá 1976 verður aflagður. Sótt verður um rannsóknaleyfi fyrir tveimur nýjum virkjunum á Glámuhálendi.

Framhald borunar á hitastigulsholum á Laugum í Súgandafirði. Niðurstaða á borunum verður metin með það fyrir augum að kanna fýsileika þess að bora nýja vinnsluholu sem gæti orðið til þess að Suðureyri yrði sjálfbær með jarðhita.



Fossárvirkjun

2015

Dreifilínur í Önundarfirði voru endurnýjaðar að hluta með jarðstreng.

Engidalslína var endurnýjuð með jarðstreng. Fjarskiptarör var plægt niður í sömu framkvæmd auk þess sem fjarskiptarör var plægt eitt og sér frá Skeiði að spennistöð við Funa í Engidal.

Skipt var út díselvél í Súðavík og hún gerð sjálfvirk. Unnið er að frekari endurnýjun búnaðar.

Lokið var við plægingu háspennustrengs að Brjánslæk á Barðaströnd.

Sellátralína var sett í jörð á um 3,5 km kafla í Tálknafirði.

Plægður var 19 kV rafstrengur frá Borðeyri að Hólmavík. Þessi jarðstrengur er rúmlega 100 km að lengd og er sennilega um að ræða lengsta kafla sem veitufyrirtæki hefur boðið út í einni framkvæmd á Íslandi.

Rofabúnaður var endurnýjaður í spennistöð á Borðeyri.

Lokið var við endurnýjun dreifikerfis við Gjögur með plægingu jarðstrengs.

2016

Plægðir verða dreifistrengir í Dýrafirði þar sem háspennulínur fóru illa í óveðri í desember.

Í Ísafjarðardjúpi verður plægður niður jarðstrengur milli Nauteyrar og Blævardalsárvirkjunar. Þessi línukafla lagðist að mestu niður í sama veðri í desember.

Frá Látrum að Ögurhálsi verður línan endurnýjuð með jarðstreng. Þarna verður samstarf með Neyðarlínunni sem plægir niður ljósleiðara í sömu framkvæmd.

Settir verða nýir háspennurofar í rafstöð í Súðavík og í spennistöð við Stekka á Patreksfirði.

Rafbúnaður í Reykjanesi verður mikið endurnýjaður. Spenna verður hækkuð og tengd ný spóla sem leiðréttir launafslæði í kerfinu.

Nýtt rofahús með launafsspólu verður sett niður og tengt við Krossholt á Barðaströnd. Jarðstrengur sem plægður var á síðasta ári verður tekinn í notkun og nýjar jarðspennistöðvar verða tengdar inn á hann ein af annari.

Endurnýjaðar verða raflagnir og þveranir hitaveitu í Aðalstræti á Patreksfirði þar sem Vesturbyggð endurnýjar yfirborð götunnar.

Sett verður nýtt rofahús fyrir úttak Rauðasandslínu á Patreksfirði.

Unnið verður við tengingar lágspennuheimtauga inn á nýjan jarðstreng milli Borðeyrar og Hólmavíkur. Tengd verður launafsspóla við spennistöð á Borðeyri sem er nauðsynlegt vegna jarðstrengsins. Unnið við lokafrágang og samsetningar.

Unnið verður að hönnun vegna nauðsynlegra breytinga í aðveitustöðinni á Hólmavík með tilkomu 19 kV jarðstrengs.



Vinna við hitaveitu



Vinnuflokkar við línuvinnu í Arnarfirði

BYGGING FOSSÁRVIRKJUNAR



Val á möguleikum í vatnsorku

Fyrstu athuganir á staðháttum má rekja til ársins 1925, en ítarleg álitserð var lögð fram í árslok 1928 og mælti með virkjun í Engidal, þar sem fallið úr Fossavatni, um 302 metrar, yrði virkjað. Ekki varð þó af framkvæmdum að sinni, en við tók margra ára leit að erlendu lánsfjármagni til virkjunarinnar.

Undirbúningur Fossavatnsvirkjunar, „hinnar fornu“ og framkvæmdir

Samningar voru gerðir við sænsk fyrirtæki um virkjunarframkvæmdir sem hófust árið 1936. Sigurður S. Thoroddsen verkfræðingur hafði gert lokaupprætti að mannvirkjunum. Um svipað leyti var Rafveita Ísafjarðar stofnuð.

Pípan var tvískipt. Neðri hlutinn var 1.320 metra löng stálpípa og 400 mm víð. Efri hlutinn var trépípa, 580 metra löng og 500 mm víð. Vélar voru prófaðar í byrjun febrúar 1937 og skiluðu þær 640 kW. Hinn 13. febrúar 1937 var svo straumi frá Fossavatnsvirkjun hleypt á rafveitukerfi Ísfirðinga og jafnframt drepð á díslstöðinni við Aðalstræti. Þann dag fengu bæjarbúar í fyrsta sinn raforku frá orkuveri íslenskrar náttúru, vatnsaflsvirkjuninni í Engidal.

Endurbætur

Trépípan var endurnýjuð með jafnvíðri asbestpípu og um svipað leyti var ný stífla ásamt lokuhúsi steipt fyrir neðan þá gömlu við Fossavatn og var því verki lokið árið 1974. Með henni hækkaði yfirborðið um 2 metra og lengdist stíflan um 180 metra og var orðin tæpir 500 metrar að lengd. Rúmmál miðlunar er 0,8 GI með 8 metra niúdrætti.

Nónhornsvatnsvirkjun

Árið 1942 hófust framkvæmdir við virkjun Nónhornsvatns. Vatnsvélinni var komið fyrir í sama stöðvarhúsi og Fossavatnsvirkjun, en fallhæð hennar var meiri, eða 380 metrar og afl 500 kW. Samtals var þá stöðin með 1.100 kW afl fyrir utan díselvélar sem voru notaðar í toppkeyrslu.


Orkubú Vestfjarða

Hinn 1. janúar 1978 tók Orkubú Vestfjarða til starfa og tók við öllum eignum Rafveitu Ísafjarðar og þar með Fossavatnsvirkjun. Engar bilanir hafa verið á Fossavatnsvél í rekstri OV. Vélin var svo stöðvuð 7. september 2015 og pípan tæmd svo hægt yrði að ljúka við breytingu á pípunni fyrir nýju virkjunina. Vélin var búin að framleiða rafmagn í 78 ár og 7 mánuði og orkuframleiðslan 233.275.800 kWst. Gamla stöðvarhúsið er nú einungis nýtt fyrir 500 kW Nónvél.

Undirbúningur að nýrri virkjun

Árið 2012 var hafist handa við undirbúning á nýrri virkjun sem nýtir sama vatn og áður úr Fossavatni, en til aðgreiningar frá gömlu virkjuninni, þá heitir sú nýja Fossárvirkjun. Ákveðið var strax í upphafi að byggja nýtt stöðvarhús og hrófla ekki við gamla búnaðinum sem verður til sýnis áfram. Elsti hluti pípuunnar þarfnaðist endurnýjunar og með nýrri staðsetningu á stöðvarhúsi, þá yrði valin auðveldari leið fyrir pípuana niður brattasta hlutann úr Fossadalnum. Nýta á miðlunina eins og kostur er, bæði sem varaafli og toppkeyrslu vegna orkuvíðskipta með því að auka aflið í nýrri vél.

Staðsetning nýja stöðvarhússins er 140 metrum neðar við Langána en það gamla. Við þessa nýju staðsetningu jókst fallhæð að nýju vélinni í Hg 312,5 metra. Verktakar við skipulagsvinnuna voru Teiknistofan Eik, hönnun vatnsvega var unnin af Verkís og hönnun stöðvarhúss af Tækniþjónustu Vestfjarða. Arkitekt hússins var Hallvarður Aspelund.



Framkvæmdir við Fossavatn

Sumarið 2013 stóð til að tæma Fossavatnið og endurnýja inntakshúsið, lokubúnað, rist, laga stífluvegg og koma fyrir pípubrotsloka, DN 800 mm framleiddum af TB Hydro í Póllandi. Einnig átti að fjarlægja leifar af elstu stíflunni sem er fyrir innan inntakið sem heftir rennslið við lága vatnsstöðu. Hvorki þetta sumar né sumarið 2014 eða 2015 var hægt að tæma lónið. Köld sumur og mikil snjóalög ofan vatnsins ollu því. Stefnt er á að ljúka þessum endurbótum sumarið 2016.

Þrýstivatnspípan

DN 500 mm trefjaplastpípa var keypt frá APS Norway með mismunandi þrýstiflokka, PN 10 til 32. Samið var við Tígur ehf. í Súðavík um gröft fyrir pípuinni og niðurlagningu hennar. Verkið hófst eftir miðjan júlí 2014 og var unnið fram í desember sama ár. Lagðir voru út 690 metrar af pípuinni í mesta brattanum sem er 25 gráður. Sumarið 2015 var pípan kláruð. Efri hlutinn af framkvæmdinni var að leggja nýju pípuana samsíða þeirri gömlu með þeirri breytingu að nú var farið undir Fossána.

Þann 24. september 2015 var síðasta beygjan steipt í pípuinni, en áður var búið að leggja alla pípuana og tengja saman við efsta hlutann sem er um 290 metra langur og er eini hlutinn af pípuinni sem ekki var endurnýjaður. Samtals er öll pípan tæpir 1,9 km. Þann 5. október var vatni hleypt á pípuana og þar með var hún tilbúin til notkunar.

Framkvæmdir við stöðvarhús

Samið var við Vestfirsku Verktaka á Ísafirði að byggja stöðvarhúsið og hófst verkið í lok júlí 2014. Húsið er steinsteypt og var lokið við að steypa loftplötuna 28. nóvember. Stærstu hlutar hússins eru 86 m² vélasalur og 37 m² rofa- og spennarými.

Í byrjun janúar var búið að loka húsinu og setja upp 6,3 tonna brúarkrana. Unnið var í húsinu um veturinn og fram á sumar 2015. Rafskaut á Ísafirði sá um húsarafmagn. Lóðarframkvæmdir verða unnar sumarið 2016.

Vél og rafbúnaður

Samið var við Kössler frá Austurríki um afhendingu á vél og rafbúnaði; Vatns hverfill af Pelton gerð, tveggja stúta, vatnsnotkun 450 l/s og snúningshraði 1.000 sn/mín. Höfuðloki DN 350 mm frá TB Hydro í Póllandi. Rafali frá TES í Tékklandi, ástimplað afl 1404 kVA, spennan 400 V og 3,4 tonna kasthjól með eigin legur. Stjórnskápar frá Schubert í Austurríki og 11 kV rofar frá Orkuvirki Reykjavíkur.


Vélaruppsetning hófst í janúar 2015 og þær steiptar niður svo öll óprifa-vinna væri yfirstaðin á meðan húsið væri klárað. Útdráttum strengja og tengingum var lokið um mitt sumar og þurrprófun véla hófst í lok september. Fyrsta kílóvattstundin var framleidd 7. október 2015. Við álagsprófanir var mesta framleiðsla 1.280 kW við Hn 291 metra fallhæð. Tregðuvægi vélarinnar er mjög hátt sem gerir vélinu óvenju góða í eyjakeyrslu.

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA

	Íbúatala 1.12.2015	Breyting frá 1.12.2014	Íbúatala 1.12.2014	Breyting frá 1.12.2013
Svæði I:				
Bolungarvík.....	904	-23	927	-22
Ísafjarðarbær.....	3.617	-6	3.623	-31
Súðavíkurreppur.....	191	-15	206	2
Samtals svæði I	4.712	-44	4.756	-51
Svæði II:				
Táknafjarðarheppur.....	268	-38	306	9
Vesturbyggð.....	1.016	19	997	45
Samtals svæði II	1.284	-19	1.303	54
Svæði III:				
Árneshreppur.....	55	1	54	3
Bæjarhreppur.....	90	0	90	2
Kaldrananeshreppur.....	100	-9	109	5
Reykhólahreppur.....	263	-6	269	-5
Strandabyggð.....	468	-5	473	-32
Samtals svæði III	976	-19	995	-27
Vestfirðir samtals	6.972	-82	7.054	-24

Heimild: Hagstofa Íslands

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2015





Að loknum vinnudegi

ÁRSREIKNINGUR 2015



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.



Vinna í Dýrafirði

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra	15
Áritun óháðra endurskoðenda	16
Rekstrarreikningur	17
Efnahagsreikningur	18
Yfirlit um sjóðstreymi	19
Skýringar	20-34
Sundurlíðanir	35-36

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

15

Tilgangur Orkubús Vestfjarða ohf. skv. lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001 er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2015 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. sem nam 126,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2015 voru alls 7.770 millj. kr. og heildarskuldir alls 2.033 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.738 millj. kr. sem er um 74 % af heildarfjármagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar.

Eigandi Orkubús Vestfjarða ohf. er Ríkissjóður Íslands.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður á árinu 2016 að fjárhæð 60 milljónum króna til hluthafa.

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2015, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingar á handbæru fé á árinu 2015.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2015.

Reykjavík, 1. apríl 2016

Í stjórn

Viðar Helgason
stjórnarformaður

Ragnheiður Hákonardóttir

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Daníel Jakobsson

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Orkubússtjóri

Kristján Haraldsson

ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim þá ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 1. apríl 2016.

Endurskoðendapjónustan ehf

Sævar Þór Sigurgeirsson
endurskoðandi

Sveinn R. Reynisson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2015

17

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur		2.284.350.944	2.208.953.537
Aðrar tekjur		89.423.962	86.129.642
Orkukaup		(1.066.333.400)	(1.190.068.874)
Laun og launatengd gjöld	4	(798.770.371)	(651.576.595)
Annar rekstrarkostnaður		(41.591.593)	(71.770.729)
Afskriftir	5	(284.197.970)	(265.404.141)
		<hr/>	<hr/>
Rekstrarhagnaður		182.881.572	116.262.840
Fjármunatekjur		9.970.882	11.030.948
Fjármagnsgjöld		(35.848.899)	(15.466.150)
Gengismunur		(80.141)	334.992
		<hr/>	<hr/>
	6	(25.958.158)	(4.100.210)
Hagnaður fyrir skatta		156.923.414	112.162.630
Tekjuskattur	7	(30.825.736)	(22.347.561)
		<hr/>	<hr/>
Hagnaður ársins		<u>126.097.678</u>	<u>89.815.069</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015

Eignir	Skýr.	2015	2014
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	6.791.610.367	5.983.785.700
Hlutafjáreign	10	355.186.173	355.186.173
		<u>7.146.796.540</u>	<u>6.338.971.873</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	11	183.231.928	191.863.832
Orkureikningar	12	340.295.120	319.518.191
Aðrar skammtímakröfur	12	96.981.697	105.919.393
Handbært fé	12	3.057.155	5.596.997
		<u>623.565.900</u>	<u>622.898.413</u>
Eignir samtals		<u>7.770.362.440</u>	<u>6.961.870.286</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé		3.049.914.000	3.049.914.000
Lögbundinn varasjóður		1.016.636.785	1.016.636.785
Óráðstafað eigið fé		1.671.028.789	1.544.931.111
Eigið fé	13	<u>5.737.579.574</u>	<u>5.611.481.896</u>
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	14	626.226.755	568.881.421
Tekjuskattsskuldbinding	15	124.534.213	93.708.477
		<u>750.760.968</u>	<u>662.589.898</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		226.848.746	295.561.055
Skuldir við lánastofnanir		911.033.049	278.141.478
Aðrar skammtímaskuldir	16	144.140.103	114.095.959
		<u>1.282.021.898</u>	<u>687.798.492</u>
Skuldir		<u>2.032.782.866</u>	<u>1.350.388.390</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>7.770.362.440</u>	<u>6.961.870.286</u>

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		182.881.572	116.262.840
Afskriftir		284.197.970	265.404.141
Söluhagnaður fastafjármuna		(921.803)	(1.274.623)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga		57.345.334	21.516.808
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		523.503.073	401.909.166
Vörubirgðir, lækkun		8.631.904	41.432.257
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)		(11.839.233)	(822.858)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun)		61.466.031	(17.130.940)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		581.761.775	425.387.625
Innborgaðir vextir og arður		9.970.882	11.030.948
Greiddir vextir		(35.848.899)	(15.466.150)
Handbært fé frá rekstri		555.883.758	420.952.423
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	9	(1.093.666.156)	(779.141.196)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		2.565.321	2.152.191
Keypt hlutabréf		0	(110.000)
Lækkun á bundnum bankainnstæðum		0	2.498.030
		(1.091.100.835)	(774.600.975)
Fjármögnunarhreyfingar			
Lánalína		632.891.571	238.141.478
Skammtímaskuldir v/ fjárfestinga, (lækkun) hækkun		(100.134.196)	102.577.238
		532.757.375	340.718.716
Lækkun handbærs fjár		(2.459.702)	(12.929.837)
Handbært fé í upphafi árs		5.596.998	18.535.198
Gengismunur handbærs fjár		(80.141)	(8.364)
Handbært fé í lok árs		3.057.155	5.596.997
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		497.625.056	397.473.964

1. Starfsemi

Orkubú Vestfjarða ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkubú Vestfjarða ohf. er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Jafnframt að stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Áhættustjórnun

Félagið er ekki með neina framvirka gjaldeyrisskiptasamninga, valréttta eða afleiðusamninga.

Skráning tekna

